

Umhverfisstefna

umhverfis- og skipulagssviðs

Leiðarljós umhverfis- og skipulagssviðs er aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg

Gildi umhverfis- og skipulagssviðs eru:

- Virðing fyrir umhverfinu. Við leitumst ávallt við að bæta umhverfi borgarbúa.
- Þjónusta við samfélagið. Við erum þjónustumiðað og nútímavætt svið.
- Fagmennska í hverju verki. Við höfum fagleg vinnubrögð ávallt í fyrirrúmi.

Umhverfis- og skipulagssvið vill vera leiðtogi í umhverfismálum og styrkja aðra starfsemi Reykjavíkurborgar, íbúa og fyrirtæki í átt til sjálfbærni.

Umhverfis- og skipulagssvið ætlar að:

1. Viðhalda góðum loftgæðum í Reykjavík og vera fyrirmynd á heimsvísu.
2. Tryggja vatnsvernd og stuðla að öruggum/framúrskarandi vatnsgæðum fyrir alla íbúa.
3. Vernda líffræðilega fjölbreytni, þjónustu vistkerfa og gegndræpi yfirborðs.
4. Stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og hringrásarhugsun, með því að draga úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurvinnslu.
5. Gera kröfur í innkaupum og útboðum um vistvænar vörur, þjónustu, með vistferlis- og hringrásarsjónarmiðum í huga.
6. Stuðla að orkusparnaði og orkunýtni bygginga og styðja við orkuskipti í samgöngum.
7. Stuðla að vistvænum ferðavenjum hjá starfsfólki og íbúum.
8. Vinna eftir áherslum í Aðalskipulagi Reykjavíkur um sjálfbæra þróun, þétta og blandaða borgarbyggð innan núverandi vaxtarmarka borgarinnar.
9. Tryggja gott aðgengi íbúa að vistvænum, grænum, hreinum, fallegum og öruggum svæðum.
10. Miðla, fræða og hvetja til upplýsts samtals og þátttöku íbúa um umhverfis- og skipulagsmál til að styrkja Reykjavík í átt til sjálfbærni.
11. Vinna að loftslagsmarkmiði Reykjavíkurborgar um kolefnishlutleysi árið 2040 í eigin rekstri og með starfsfólki, íbúum, fyrirtækjum og ríkisstjórn í átt að kolefnishlutlausu samfélagi.
12. Meta áhættur vegna loftslagsbreytinga og innleiða aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum.
13. Uppfylla kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum er varða umhverfismál starfseminnar og gera betur eins og kostur er.
14. Vinna eftir umhverfismarkmiðum í samræmi við umhverfisstefnu og stuðla að stöðugum umbótum.

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs